

TILSKIPUN RÁÐSINS

frá 16. desember 1986

um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum

(87/54/EBE)

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Smárásir á hálfleiðurum gegna æ mikilvægara hlutverki í iðnaðarframleiðslu og því má telja hálfleiðaratækni grundvallarforsendu fyrir þróun iðnaðar innan bandalagsins.

Starfsemi smárása er aðallega háð svæðislýsingum þeirra og hönnun svæðislýsinga krefst mikillar fjárfestingar í mannlegri þekkingu, tækni og búnaði þótt hægt sé að afrita svæðislýsingu fyrir brot af kostnaði við upphaflega gerð hennar.

Sem stendur eru svæðislýsingar smárása ekki verndaðar á skilmerkilegan hátt samkvæmt gildandi lögum í öllum aðildarríkjum og sú vernd sem fyrir hendi er er skipuð á mismunandi vegu.

Ýmiskonar ósamræmi sem nú ríkir milli laga aðildarríkja um vernd hálfleiðara hefur bein og neikvæð áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar með tilliti til viðskipta með smárásir á hálfleiðurum og slíkt ósamræmi á hugsanlega eftir að aukast ef aðildarríki samþykkja hvert fyrir sig ný lög þar að lútandi.

Leiðréttá þarf ósamræmi sem nú ríkir og koma þarf í veg fyrir frekari ósamræmi sem hefði neikvæð áhrif á starfsemi hins sameiginlega markaðar.

Aðildarríkjum er heimilt fyrir sína hönd að láta vernd ná til aðila utan bandalagsins, að því marki að ákvarðanir bandalagsins hafi ekki enn náð til slíkra aðila innan ákveðins frests.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 360, 31. 12. 1985, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 255, 13. 10. 1986, bls. 249.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 189, 28. 7. 1986, bls. 5.

Vernd sem lög bandalagsins veita svæðislýsingum smárása getur takmarkast fyrst um sinn við ákveðin grundvallaratriði og með lagaákvæðum sem tilgreina hver og hvað skal njóta verndar, hvaða einkaréttindi hlutaðeigandi aðilar hafa til að heimila eða banna tiltekna starfsemi, undantekningar frá þessum réttindum og gildistíma verndar.

Landslög verða enn um sinn látin skera úr um önnur mál, m.a. hvort fara skal fram á inntak til vörslu eða skráningu sem skilyrði fyrir vernd og hvort og með hvaða skilyrðum veita má nytjaleyfi fyrir notkun verndaðrar svæðislýsingar að frátöldum leyfum sem veitt eru vegna þess að tiltekinn tími hefur liðið.

Vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum skv. þessari tilskipun skal ekki hafa áhrif á annars konar vernd sem þær njóta.

Frekari ráðstafanir til verndar svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum í bandalaginu geta komið til athugunar síðar, ef þörf þykir, en mjög brynt er að öll aðildarríki samþykki að fylgja sömu grundvallarstefnu og mótuð er með þessari tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. KAFLI

Skilgreiningar

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „hálfleiðari“ fullbúin vara eða vara á framleiðslustigi, sem
 - i) er samsett úr ýmsum efnum, þ.á.m. einu lagi af hálfleiðaraefni,
 - ii) hefur eitt lag eða fleiri lög af leiðandi efnum, einangrandi efnum eða hálfleiðaraefnum þar sem lögunum er raðað eftir fyrirframgefnu þrívíddarmynstri og
 - iii) til stendur að nota hana annaðhvort eingöngu eða m.a. í rafeindatæki;

- b) „svæðislýsing smárása“ á hálfleiðara teikning af upp-röðun samverkandi hluta sem hver rás er samsett úr, hvernig sem þetta mynstur er áfest eða áritað,
- i) sem sýnir þrívíddarmynstur allra laganna sem mynda smárásir á hálfleiðara og
- ii) þar sem hver hluti teikningarinnar hefur að geyma mynstur eða hluta af mynstri á yfirborði hálfleiðara á ákvæðnu stigi í framleiðslu þess;
- c) „hagnýting í atvinnuskyni“ sala, leiga, langtímaleiga eða önnur notkun svæðislýsingar í atvinnuskyni eða tilboð gerð í þeim tilgangi. Í skilningi 3. (4. mgr.), 4. (1. mgr.), og 7. (1., 3. og 4. mgr.) gr. tekur „hagnýting í atvinnuskyni“ þó ekki til leynilegrar hagnýtingar svæðislýsingar smárása sem hefur ekki í för með sér dreifingu til þriðja aðila, að undanskilinni hagnýtingu svæðislýsingar undir þagnarskyldu eins og krafist er skv. ákvæðum b-liðar 1. mgr. 223. gr. sáttmálans.
2. Með auknum meirihluta atkvæða getur ráðherraáæðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, breytt liðum i og ii í a-lið 1. mgr. til að aðlaga þá að tæknilegum framförum.

2. KAFLI

Vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu vernda svæðislýsingar smárása á hálfleiðurum með því að samþykkja löggjöf um einkarétt til þeirra skv. ákvæðum þessarar tilskipunar.
2. Vernda skal svæðislýsingu smárása á hálfleiðara að því marki sem hún uppfyllir þau skilyrði að vera eigið hugverk uppfinningamanns og ekki almennt þekkt á sviði hálfleiðaratækni. Ef svæðislýsing smárása á hálfleiðara er samsett úr einungum sem þegar eru algengar á sviði hálfleiðaratækni skal hún einungis vernduð að því marki sem hún í heild uppfyllir ofangreind skilyrði.

3. gr.

1. Rétt til einkaréttarverndar hefur sá einstaklingur sem hannar svæðislýsingu smárása á hálfleiðara, með fyrirvara um ákvæði í 2. til 5. mgr.
2. Aðildarríkjum er heimilt,

- a) hafi svæðislýsing verið hönnuð sem hluti af starfi hönnuðarins, að veita vinnuveitanda einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í ráðningarsamningi;
- b) hafi svæðislýsing verið hönnuð skv. samningi öðrum en ráðningarsamningi, að veita verkkaupa einkarétt til hennar nema kveðið sé á um annað í verksamningi;
3. a) Einstaklingar sem rétt eiga til verndar, eins og kveðið er á um í 1. mgr., eru ríkisborgarar aðildarríkis eða þeir sem hafa fasta búsetu í aðildarríki.
- b) Setji aðildarríki sérstakar reglur, eins og heimilað er í 2. mgr., skulu eftirtaldir aðilar eiga rétt til verndar:
- i) einstaklingar sem eru ríkisborgarar aðildarríkis eða sem hafa fasta búsetu í aðildarríki;
- ii) fyrirtæki eða lögaðilar sem starfrækja raunveruleg iðnaðar- eða verslunarfyrirtæki í aðildarríki.

4. Ef enginn hefur rétt til verndar skv. öðrum ákvæðum þessarar greinar skulu einstaklingar sem tilgreindir eru í liðum i og ii í b-lið 3. mgr. einnig eiga rétt til verndar ef þeir:

- a) eru fyrstir til að hagnýta í atvinnuskyni innan aðildarríkis svæðislýsingu smárása sem hefur ekki enn verið hagnýtt í atvinnuskyni nokkurs staðar í heiminum, og
- b) hafa einkaheimild frá þeim er hafði ráðstöfunarétt á umræddri svæðislýsingu til að hagnýta hana í atvinnuskyni í ríkjum bandalagsins.

5. Rétt til verndar hafa þar að auki erfingjar einstaklinga sem tilgreindir eru í 1. til 4. mgr.

6. Aðildarríkjum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 7. mgr., að gera samninga eða samkomulag við þriðja ríki og fjölpjóða samninga um vernd svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum enda brjóti þau ekki í bága við lög bandalagsins, m.a. reglur þessarar tilskipunar.

7. Aðildarríkjum er heimilt að hefja samningaviðræður við ríki utan bandalagsins í þeim tilgangi að láta réttinn til einkaréttarverndar ná til einstaklinga sem njóta ekki réttinda skv. ákvæðum þessarar tilskipunar. Ber aðildarríkjum sem hefja slíkar viðræður að tilkynna það framkvæmdastjórninni.

Óski aðildarríki að færa út einkaréttarvernd svo að hún nái til einstaklinga sem njóta ekki réttinda skv. ákvæðum þessarar tilskipunar eða að gera samning eða samkomulag um að auka umfang verndar til þess að hún nái til ríkja utan bandalagsins, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni þar um. Framkvæmdastjórnin kemur tilkynningu áleiðis til hinna aðildarríkjanna.

Aðildarríki skal fresta gildistöku reglna um aukna vernd eða staðfestingu samkomulags eða samnings um einn mánuð frá því að það tilkynnir framkvæmdastjórninni þar um. Ef framkvæmdastjórnin tilkynnir hlutaðeigandi aðildarríki innan þess frests um fyrirhugaða tillögu, sem leggja skal fyrir ráðið, þess efnis að öll aðildarríki auki vernd svo að hún nái til téðra einstaklinga eða ríkis utan bandalagsins skal aðildarríki þó fresta gildistöku reglna sinna eða staðfestingu samkomulags eða samnings um tvo mánuði frá þeim degi er það tilkynnti framkvæmdastjórninni þar um.

Skili framkvæmdastjórnin tillögu sinni til ráðsins innan tiltekins tveggja mánaða frests, skal aðildarríki fresta gildistöku reglna sinna eða staðfestingu samkomulags eða samnings sem náðst hefur um fjóra mánuði í viðbót frá þeim degi er tillagan var lögð fram.

Komi hvorki fram tilkynning né tillaga frá framkvæmdastjórninni né ákvörðun frá ráðinu innan tiltekins frests, er aðildarríki heimilt að auka vernd eða staðfesta samning eða samkomulag.

Aukinn meirihluta atkvæða í ráðinu þarf til að samþykka tillögu frá framkvæmdastjórninni um aukna vernd, hvort sem hún er lögð fram eftir tilkynningu frá aðildarríki í samræmi við ákvæði undangenginna málsgreina eða ekki.

Ákvörðun ráðsins á grundvelli tillögu framkvæmdastjórnarinnar kemur ekki í veg fyrir að aðildarríki auki verndina svo að hún nái til einstaklinga sem tilgreindir voru í áformaðri aukningu, samningi eða samkomulagi, auk þeirra sem þegar njóta verndar í öllum aðildarríkjum, nema ráðið samþykki annað með auknum meirihluta atkvæða.

8. Birta skal tillögur framkvæmdastjórnarinnar og ákvarðanir ráðsins skv. 7. mgr. í *Stjórnartíðindum Evrópu-bandalagsins* til kynningar.

4. gr.

1. Aðildarríkjum er heimilt að veita ekki vernd fyrir svæðislýsingu smárása á hálfleiðurum eins og lýst er í 2. gr. eða fella hana úr gildi hafi umsókn um einkarétt ekki verið lögð fram hjá hlutaðeigandi yfirvöldum eins og lög gera ráð fyrir innan tveggja ára frá því að byrjað var að hagnýta hana í atvinnuskyni. Aðildarríkjum er auk þess heimilt

að krefjast þess að tilskilin gögn um svæðislýsinguna eða sýnishorn af henni eða hvorttveggja hafi verið látin í vörslu yfirvalda ásamt staðfestingu um þann dag er hún var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni, hafi slíkt gerst áður en sótt var um einkarétt.

2. Aðildarríkjum ber að tryggja að gögn sem látin hafa verið í vörslu yfirvalda komi ekki fyrir almenningssjónir hafi þau að geyma viðskiptaleyndarmál. Þetta ákvæði skal þó ekki hafa áhrif á rétt aðila, sem standa í málaferlum um réttmæti verndar sem tilgreind er í 2. gr. eða brot á henni, til slíkra upplýsinga enda liggja fyrir úrskurður dómstóls eða annarra lögbærra yfirvalda þar að lútandi.

3. Aðildarríkjum er heimilt að krefjast að öll aðilaskipti að einkarétti til verndaðra svæðislýsingra smárása verði skráð.

4. Aðildarríkjum er heimilt að krefjast eintaks til vörslu eða skráningargjalda í samræmi við 1. og 3. mgr. en þó ekki meira en nemur kostnaði sem af framkvæmd þeirra hlýst.

5. Óheimilt er að gera frekari formsatriði að skilyrði fyrir veitingu verndar eða viðhaldi hennar.

6. Aðildarríkjum sem krefjast skráningar svæðislýsinga smárása ber að sjá fyrir því að einstaklingi sem á rétt til verndar skv. ákvæðum þessarar tilskipunar standi viðeigandi réttarúrræði til boða geti hann sýnt fram á að annar einstaklingur hafi sótt um eða fengið skráð einkarétt fyrir þessa svæðislýsingu smárása án heimildar hans.

5. gr.

1. Einkaréttur sem veittur er skv. 2. gr. felur í sér rétt til að heimila eða banna eftirfarandi:

- a) afritun svæðislýsingar smárása sem nýtur verndar skv. 2. mgr. 2. gr.;
- b) hagnýtingu svæðislýsingar smárása í atvinnuskyni eða innflutning svæðislýsingar eða hálfleiðara, sem framleiddur var með þeirri svæðislýsingu, til nota í atvinnuskyni.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur aðildarríki heimilað afritun svæðislýsingar smárása sé það gert af einkaaðilum og ekki í atvinnuskyni.

3. Einkaréttur, sem vísað er til í a-lið 1. mgr., nær ekki til afritunar í þeim tilgangi að rannsaka, meta eða fræða aðra um hugmyndir, ferli, kerfi eða tækni sem liggja að baki hlutaðeigandi svæðislýsingu smárása eða um svæðislýsinguna sjálfa.

4. Einkaréttur, sem vísað er til í 1. mgr., gildir ekki þegar um er að ræða svæðislýsingu smárása sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 2. gr. og hefur orðið til á grundvelli rannsóknar og mats á svæðislýsingu smárása sem fram fór í samræmi við 3. mgr.

5. Einkaréttur til að heimila eða banna atferli, sem er nánar tilgreint í b-lið 1. mgr., gildir ekki um slíkt atferli eigi það sér stað eftir að réttthafi eða annar sem hefur nytjaleyfi frá honum hefur sett svæðislýsingu smárása á markað í aðildarríki.

6. Óheimilt er að koma í veg fyrir að einstaklingur, sem hefur eignast hálfleiðara en hefur enga vitneskju um né gildar ástæður til að ætla að hann njóti verndar í aðildarríki í samræmi við ákvæði þessarar tilskipunar, hagnýti sér hann í atvinnuskyni.

Sé aftur á móti um að ræða atferli sem á sér stað eftir að einstaklingur hefur fengið vitneskju um eða hefur gildar ástæður til að halda að hálfleiðari njóti verndar, skulu aðildarríki sjá til þess, að beiðni réttthafa, að dómsvald geti, skv. viðeigandi ákvæðum landslaga, úrskurðað honum sanngjarnar bætur.

7. Ákvæði 6. mgr. gilda líka um síðari handhafa réttinda sem lýst er í fyrstu setningu þess.

6. gr.

Aðildarríkjum er óheimilt að takmarka einkarétt þann sem kveðið er á um í 2. gr. með því að löggesta að nytjaleyfi verði sjálfkrafa veitt að áð tilskildum tíma liðnum.

7. gr.

1. Aðildarríki sjá til þess að einkaréttur sem kveðið er á um í 2. gr. taki gildi:

a) sé skráning gerð að skilyrði fyrir einkarétti skv. 4. gr. annaðhvort

i) þann dag er svæðislýsing smárása var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum eða

ii) þann dag er umsókn var lögð fram eða svæðislýsing skráð hjá einkaleyfayfirvöldum eins og lög gera ráð fyrir, eftir því hvort gerðist fyrir eða

b) þann dag er svæðislýsing smárása var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum eða

c) þann dag er svæðislýsing smárása var fyrst áfest eða árituð.

2. Hafi einkaréttur verið veittur skv. ákvæðum a- eða b-liðar 1. mgr., ber aðildarríkjum að sjá til þess, að því er varðar tímabilið áður en réttindi þessi tóku gildi, að einstaklingi sem á rétt til verndar skv. ákvæðum þessarar tilskipunar standi réttarúrræði til boða geti hann sýnt fram á að annar einstaklingur hafi afritað svæðislýsingu smárása ólöglega, hagnýtt sér hana í atvinnuskyni eða flutt hana inn í því skyni. Ákvæði þessarar málsgreinar hafi ekki áhrif á réttarúrræði sem beita má til að tryggja einkarétt sem tilkominn er skv. ákvæðum 2. gr.

3. Einkaréttur fellur úr gildi 10 árum eftir lok þess almanaksárs er svæðislýsing smárása var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum eða, þar sem skráning er gerð að skilyrði fyrir tilkomu slíkra réttinda eða viðhaldi þeirra, 10 árum eftir:

a) lok þess almanaksárs er svæðislýsing smárása var fyrst hagnýtt í atvinnuskyni einhvers staðar í heiminum eða

b) lok þess almanaksárs er umsókn um skráningu var lögð fram hjá einkaleyfayfirvöldum eins og lög gera ráð fyrir, eftir því hvort gerðist fyrir.

4. Hafi svæðislýsing smárása ekki verið hagnýtt í atvinnuskyni neins staðar í heiminum innan 15 ára frá því að hún var fyrst áfest eða árituð, fellur einkaréttur skv. ákvæðum 1. mgr. úr gildi og enginn einkaréttur kemur í stað hans nema umsókn um skráningu hafi verið lögð fram eins og lög gera ráð fyrir innan þessa tímabils í aðildarríkjum þar sem skráning er skilyrði fyrir nýjum eða áframhaldandi einkarétti.

8. gr.

Einkaréttarvernd, sem veitt er vegna svæðislýsinga smárása á hálfleiðurum skv. 2. gr., tekur ekki til hugmynda, ferla, kerfa, tækni eða upplýsinga sem hún hefur að geyma en teljast ekki til svæðislýsingarinnar sjálfar.

9. gr.

Geri lög aðildarríkja ráð fyrir að hálfleiðarar sem hafa að geyma verndaðar svæðislýsingar séu merktir sérstaklega skal einkenna þá með bókstafnum T í einhverri af eftirfarandi myndum: T, 'T', [T], (T), T* eða T.

3. KAFLI

Önnur lagaákvæði sem gilda áfram

10. gr.

1. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á laga-

ákvæði sem gilda um einkaleyfi og rétt til mynsturs.

4. KAFLI

2. Ákvæði þessarar tilskipunar hafa ekki áhrif á:

Lokaákvæði

a) réttindi sem aðildarríki veita skv. skilmálum alþjóðasamninga sem þau eiga aðild að, þar með talin ákvæði sem veita ríkisborgurum eða þeim sem búsettir eru í viðeigandi aðildarríki slík réttindi;

11. gr.

b) lög aðildarríkja um höfundarétt sem takmarka afritun teikninga eða aðrar eftirlíkingar af svæðislýsingum smárása í tvívídd.

1. Aðildarríki skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að framfylgja tilskipun þessari fyrir 7. nóvember 1987.

3. Ákvæði tilskipunar þessarar hafa ekki áhrif á vernd sem landslög veita svæðislýsingum smárása á hálfleiðurum sem áfestar voru eða áritaðar áður en ákvæði í landslögum sett til að framfylgja reglum þessarar tilskipunar taka gildi, en ekki seinna en þann dag sem tilgreindur er í 1. mgr. 11. gr.

2. Aðildarríki gæta þess að senda framkvæmdastjórninni helstu kafla úr landslögum sem samþykkt verða um málefni sem tilskipun þessi nær til.

12. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 1986.

Fyrir hönd ráðsins,

G. HOWE

forseti.